

Hringvegur (1-y3)

Sjónvörn og færsla Hringveggar við Jökulsárlón

Svör við umsögnum vegna könnunar á matsskyldu


Hönnunardeild og Austursvæði Vegagerðarinnar

29. september 2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1 Umsagnir og svör.....	2
1.1 Umsögn Mílu dags. 11.07.2023.....	2
1.1.1 Svar Vegagerðarinnar	2
1.2 Umsögn Samgöngustofu dags. 13.07.2023	2
1.2.1 Svar Vegagerðarinnar	2
1.3 Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 25.07.2023	3
1.3.1 Svar Vegagerðarinnar	4
1.4 Umsögn Landsnets dags. 02.08.2023	5
1.4.1 Svar Vegagerðarinnar	5
1.5 Umsögn Veðurstofu Íslands dags. 03.08.2023	5
1.6 Sveitarfélagið Hornafjörður, dags. 10.08.2023.....	5
1.6.1 Svar Vegagerðarinnar	6
1.7 Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 11.08.2023	6
1.7.1 Svar Vegagerðarinnar	7
1.8 Minjastofnun Íslands dags. 11.08.2023.....	7
1.8.1 Svar Vegagerðarinnar	9
1.9 Umsögn Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 17.08.2023.....	9
1.9.1 Svar Vegagerðarinnar	10

Forsíðumynd er loftmynd frá Loftmyndum ehf, tekin árið 2021



↑ Mynd 1

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við Jökulsárlón. Grænar skálínur sýna afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs.

1 Umsagnir og svör

Vegagerðinni hafa borist 8 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Hringvegi austan Jökulsár á Breiðamerkursandi. Þær eru:

1. Míla, Bragi Már Bragason, dags. 11.07.2023
2. Samgöngustofa, dags. 13.07.2023
3. Umhverfisstofnun, dags. 25.07.2023
4. Landsnet, dags. 02.08.2023
5. Veðurstofa Íslands, dags. 03.08.2023
6. Sveitarfélagið Hornafjörður, dags. 10.08.2023
7. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 11.08.2023
8. Minjastofnun Íslands, dags. 11.08.2023
9. Vatnajökulspjóðgarður, dags. 17.08.2023

1.1 Umsögn Mílu dags. 11.07.2023

Í umsögninni segir: Míla er með mjög mikilvægar lagnir á svæðinu. Við væntum þess að samráð verði haft við okkur áður en til framkvæmda kemur.

1.1.1 Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun hafa samráð við þá aðila sem eiga lagnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði áður en til framkvæmda kemur.

1.2 Umsögn Samgöngustofu dags. 13.07.2023

Í umsögninni segir: Á slysakorti Samgöngustofu sést að nær öll slysin sem eiga sér stað á þessu svæði eru á og við brúna.

Samgöngustofa vill leggja áherslu á mikilvægi þess að brúin verði ljósastýrð þar sem vegsýn inn á brúna er lítil.

1.2.1 Svar Vegagerðarinnar um umferðarstýringu um brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi

Vegagerðin vinnur stöðugt að endurbótum á öryggisaðgerðum við núverandi brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi er 108 m löng, með um 4 m breiðri akbraut og vegsýn ekki milli brúarenda nema á stórum bílum.

Vegagerðin fór í endurbætur á Hringvegi um Jökulsá á Breiðamerkursandi árið 2018 þar sem vegurinn var hækkaður beggja megin brúar til að bæta sjónlengdir, vegtengingar færðar og þeim fækkað til að bæta umferðaröryggi. Ákveðið var í framhaldinu að setja upp umferðstýringu

með umferðarljósum, sem sett var upp sumarið 2020. Kom þá í ljós að búnaðurinn virkaði ekki sem skyldi og þurfti að endurbæta og skipta úr hluta af rafeindabúnaði og umgjörð umferðarljósanna.

Umferðarljósinn komust í lag snemma vors 2021 og voru í gangi í um 3 mánuði. Reynslan á þeim tíma sem umferðarstýring var í gangi var ekki góð, þar sem umferðateppa varð síendurtekið við brúna. Aðallega var um að ræða gangandi vegfarendur á leið yfir brúna, sem margir hverjir stoppuðu vegna myndatöku, þannig að bílar komust ekki yfir á grænu ljósi. Einnig var nokkuð um að vegfarendur virtu ekki ljósin og bílar reyndu að mætast á brúnni þannig að annar aðilinn þurfti að bakka til baka á mjórri einbreiðri brúnni, sem er ekki öllum gefið, sérstaklega ef viðkomandi var með aftanívagn s.s. hjólhýsi.

Að framansögðu var ákveðið að hætta að reyna að stýra umferðinni með umferðarljósunum og virkja gulu blikkljósin sem eru við brúna líkt og aðrar einbreiðar brýr á Hringveginum.

Leyfilegur hámarkshraði um brúna er 30 km/klst. og hraðinn tekinn áður niður í 70 og 50 km/klst. Rétt er að geta þess að ekki var talið hægt að banna gangandi umferð um brúna, þar sem um er að ræða einu mögulegu gönguleiðina yfir Jökulsá.

Umferð á Hringvegir um Jökulsá á Breiðmerkursandi hefur margfaldast undafarin ár og árið 2022 var áætluð ársdagsumferð (ÁDU) um 1700 bílar/dag, sumardagsumferð (SDU) um 2750 bílar á dag og vetrardagsumferð (VDU) um 800 bílar á dag.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hægt að hafa ljósastýrða umferðastýringu um Jökulsá á Breiðmerkursandi við þær aðstæður sem þar eru, þ.e. með gangandi umferð yfir brúna því, skv. umferðartalningu í sumar er mjög algengt að umferðin fari yfir 3000 bíla á dag og skv. upplýsingum frá Vatnajökulsþjóðgarði þá má áætla að um 1 milljón gesta heimsæki svæðið við Jökulsárlón.

1.3 Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 25.07.2023

Í umsögninni segir: Um er að ræða færslu Hringveggar og sjóvarnir vegna mikils landbrots við Jökulsárlón.

Á undanförunum árum hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að tryggja öryggi vegarins og m.a. gerður þröskuldur í farvegi Jökulsár og stórgrýti safnað á lager. Í raun var einungis um tímaspursmál að ræða hvenær ráðast þyrfti í róttækari aðgerðir.

Framkvæmd og námur

Land við Jökulsárlón henta mjög vel til vegagerðar þar sem um er að ræða malarhjalla og gnægð efnis til vegagerðar. Vegna eðlis framkvæmdarinnar er erfitt að segja til með nokkurri nákvæmni um hversu mikið þurfi af stórgrýti til verksins. Tilgreindar eru tvær malanámur í áraurum og Breiðárnáma sem er í gabbróinnskoti og hefur þessi náma verið notuð áður við gerð sjóvarna við Jökulsárlón.

Hér er um að ræða framkvæmd sem hefur lengi staðið til og hefur síðustu áratugi verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að hefta eða hægja á landbroti og verja mikilvæga innviði. Nú þegar hefur SA-Lína verið færð og nú er komið að veginum.

Eins og fyrr segir hentar þetta svæði einstaklega vel til mannvirkjagerðar af þessu tagi og auðvelt á að vera að ganga vel frá námum og veginum sjálfum.

Fuglalíf og selur

Í greinargerð kemur fram að skúmur (*Catharacta skua*) er flokkaður sem tegund í bráðri hættu á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (2018) og er því mikilvægt að forðast allt rask á búsvæði hans. Auk þess er fjallað um að kría sé á framkvæmdarsvæðinu, en samkvæmt vef NÍ¹ er tegundin í nokkurri hættu.

Umhverfisstofnun bendir á að á mynd í deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón (bls. 22)² eru búsvæði kríu og skúms sýnd.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að búsvæði fuglanna séu kortlögð og sýnd á uppdrætti og einnig að farleiðir fuglanna séu sýndar og það metið hver áhrif framkvæmdarinnar og bílaumferðar eru á fuglalífið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Því telur stofnunin mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

1.3.1 Svar Vegagerðarinnar

Vorið 2023 fékk Vegagerðin Náttúrustofu Suðausturlands til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fugla. Um sumarið var gerð rannsókn og skýrsla barst í lok ágúst. Hún ber heitið: „Athugun á valistafuglategundum vegna færslu þjóðveggar 1 austan Jökulsár á Breiðamerkursandi“.

Í skýrslunni segir: „Sé óhjákvæmilegt að færa þjóðveg 1 austan Jökulsárlóns þarf að vanda til verka á framkvæmdatíma, sér í lagi vestast á svæðinu þar sem varp skúms getur verið þétt. Mikilvægt er að framkvæmdir eigi sér ekki stað á meðan skúmur er í varpi en þeir mæta á óðul sín upp úr miðjum mars og getur varp staðið fram í lok ágúst eða byrjun september. Náttúrustofa Suðausturlands er tilbúin til þess að meta stöðu varps að vori og veita framkvæmdaaðilum ráðgjöf svo takmarka megi neikvæð áhrif á skúmsvarp, s.s. þegar kemur að tímasetningu framkvæmda í grennd við virk óðul. Ekki er talin þörf á að beita sérstökum ráðstöfunum vegna annarra fuglategunda á svæðinu né er talið að gerð sjóvarna hafi mikil áhrif á fuglalíf á svæðinu.“

Miðað verður við að hefja framkvæmdir og raska fyrirhuguðu framkvæmdasvæði utan varptíma skúms. Náttúrustofa Suðausturlands verður fengin til að leiðbeina um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á skúm.

¹ <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/kria-sterne-paradisaea>

² <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=24637285866813995865>

1.4 Umsögn Landsnets dags. 02.08.2023

Í umsögninni segir: Landsnet hefur farið yfir kynnt gögn en fyrirtækinu barst ekki beiðni um að veita umsögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Milli Hringveggar og strandlínunnar við Jökulsárlón liggur Hnappavallalína 1, sem er 132 kV loftlína á á vegum Landsnets. Með línunni er helgunarsvæði sem er 35 - 45 m breitt, þ.e. 17,5 – 22,5 m til hvorrar hliðar. Skv. teikningu 4 sem fylgir tilkynningarskýrslunni er fyrirhuguð sjóvörn innan þessa helgunarsvæðis. Mastur línunnar er við miðju varnargarðsins.

Landsnet óskar því eftir að samráð verði haft við fyrirtækið varðandi hönnun garðsins og framkvæmdir innan helgunarsvæðis línunnar.

Í kafla 1.8 í tilkynningarskýrslunni er fjallað um leyfisveitendur. Landsnet bendir á að leyfi fyrirtækisins þarf vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

1.4.1 Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin bendir á að loftmyndin á teikningu 4 er gömul og að Hnappavallalína hefur verið færð í samráði við Vegagerðina. Á teikningu 3 sést núverandi, ný lega Hnappavallalínu í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Í kafla 6.1 í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin muni hafa samráð við Landsnet, líkt og hingað til á umræddu svæði, verði framkvæmdir í grennd við raflínur.

1.5 Umsögn Veðurstofu Íslands dags. 03.08.2023

Í umsögninni segir: Með erindi dags. 10. júlí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um fyrirhugaða ný- og endurbyggingu á Hringvegi á 2,7 km löngum kafla vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við framkvæmdir þessar.

1.6 Sveitarfélagið Hornafjörður, dags. 10.08.2023

Í umsögninni segir: Bókun af fundi bæjarráðs 10.8.2023. Framkvæmdirnar er í samræmi við skipulag. Um er að ræða fyrri áfanga í færslu vegarins í þá legu sem aðal- og deiliskipulag gera ráð fyrir og stuttan tengiveg á milli áfanga sem verður tímabundinn vegur. Auk þess sjóvarnargarður á stuttum kafla þar sem sjávarrof er hvað mest. Fjallað er um varnir gegn landbroti í kafla 34 í aðalskipulagi. Markmið framkvæmdarinnar er að auka öryggi samgangna og koma í veg fyrir að ágangur sjávar taki í sundur Hringveginn við Jökulsárlón og setji þar með samgöngur á milli landshluta í uppnám.

Bæjarráð telur að framkvæmdirnar hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Mikilvægt er að farið verði eftir þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar eru í kynningarskýrslunni og að verkið verði unnið í samráði við Vatnajökulspjóðgarð og Umhverfisstofnun. Sveitarfélagið telur einnig að mikilvægt sé að við skipulag framkvæmda sé tekið tillit til umferðarálags um brúnna, sem er einbreið og yfirsýn yfir hana frá veginum sitt hvorumegin

mjög takmörkuð. Bæjarráð hvetur til þess að framkvæmdin verði kláruð með nýrri tvíbreiðri akstursbrú sem fyrst þar sem núverandi brú er stórhættuleg. Hægt er að nýta núverandi brú sem göngubrú og auka þannig öryggi gangandi vegfarenda.

1.6.1 Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur um áraraðir vaktað fyrirhugað framkvæmdasvæði vegna þess landbrots sem er í gangi. Miðað er við að grípa til frekari aðgerða ef hættuástand skapast.

Vegagerðin mun fara eftir þeim mótvægisáðgerðum sem greint er frá í skýrslunni og hafa samráð við Vatnajökulspjóðgarð og Umhverfisstofnun um framkvæmdir og frágang.

Um umferðarálag á núverandi brú á Jökulsá er vísað í svar við umsögn Samgöngustofu (kafla 1.2.1) um öryggisaðgerðir við núverandi brú.

Vegagerðin er sammála því að mikilvægt sé að klára framkvæmdir og byggingu nýrrar brúar sem fyrst. Í tillögu að samgönguáætlun 2024-2038 eru fjárveitingar til færslu vegarins á árinu 2026. Í tillögunni eru einnig fjárveitingar til byggingar brúar og nýs vegar á árunum 2029-2033 og 2033-2038.

1.7 Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 11.08.2023

Í umsögninni segir: Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með tilkynningunni og metur sem svo að framkvæmdin sé þess eðlis að ekki er þörf á mati á umhverfisáhrifum auk þess sem nú þegar er verið að leggja ítarlegt mat á ýmis umhverfisáhrif í undirbúningi framkvæmdarinnar eins og greint er vel frá í greinargerðinni. Um nauðsynlega breytingu á legu Hringveggarins er að ræða til að tryggja samgöngur og öryggi þeirra og ekki er um langan vegkafla að ræða. Greinargerðin er ítarleg, framkvæmdalýsing skýr og fjallað um helstu umhverfispætti sem verða fyrir áhrifum.

Ýmsar athuganir m.a. á fuglalífi og gróðurfari verða framkvæmdar og fjallað er gaumgæfilega um að mótvægisáðgerðir verði skoðaðar eins og við á.

Það svæði sem verður fyrir raski vegna veglagningarinnar er lítt gróið en mikilvægt fuglasvæði og því mögulegt að áhrif á fuglalíf geti orðið neikvæð. Önnur umhverfisáhrif eru metin lítil. Þá er ekki líklegt að bygging 250 metra langs sjóvarnargarðs muni hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif í för með sér þó vissulega verði rask á fjörunni á þessum kafla. Fjallað er ítarlega um efnisþörf og eins og fram kemur hefur sérstaklega verið lagt mat á matsskyldu fyrir efnistöku úr Breiðárnámu.

Framkvæmdin á sér stað innan marka Vatnajökulspjóðgarðs og því mikilvægt að tryggja að henni fylgi ekki neitt óþarfa rask á landslagi, jarðminjum eða gróðurþekju og að hugað sé að því að trufla fuglalíf og annað lífríki sem minnst á framkvæmdatíma. Svæðið er sömuleiðis á gildandi náttúruminjasrá, svæði nr. 635.

Vistgerðir á svæðinu ekki metnar með hátt verndargildi. Jákvætt er að samt sé stefnt að því að endurheimta staðargróður á framkvæmdasvæðinu þar sem það á við, til að draga úr m.a. ásýndaráhrifum. Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur Náttúrufræðistofnun þegar veitt nánari upplýsingar um gróðurfar svæðisins til Vegagerðarinnar og telur votlendi með hátt verndargildi ekki vera á svæðinu þótt fjarkönnunargögn hafi gefið það til kynna en þeim fylgir alltaf ákveðin skekkja.

Stefnt er að því að athuga útbreiðslu dvergtungljurtar sem er á válista og brugðist við eins og mögulegt er ef hún finnst á framkvæmdasvæðinu.

Fjaran þar sem sjóvarnargarður verður byggður er flokkuð í vistgerðina „brimasamar sandfjörur“ sem hefur lágt verndargildi og þar sem lífríki er metið fáskrúðlegt.

Nú þegar hefur verið ákveðið að gera könnun á fuglalífi framkvæmdasvæðisins og mun Náttúrustofa Suðausturlands framkvæma þær. Áhersla er lögð á að kortleggja varp helsingja og skúms. Notast verður við þær niðurstöður til að meta hvort þörf sé á færslu vegarins ef mögulegt er og aðrar mótvægisáðgerðir metnar eins og við á.

Varðandi jarðmyndanir er ágætlega greint frá áhrifum á þær í greinargerðinni en við má bæta að ummerki um fyrri farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi má finna á framkvæmdasvæðinu m.a. svokölluð jakahvörf (kettle holes) sem ætti að hlífa við raski eins og hægt er. Líklega eru þau flest staðsett utan þess svæðis sem verður raskað en það mætti skoða betur. Nánari upplýsingar um þetta má finna í eftirfarandi heimild: *Snævarr Guðmundsson og Helgi Björnsson 2020: Um farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi á síðustu öldum. Jökull no. 70, 119- 128.*

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin að veita meiri ráðgjöf t.d. um mótvægisáðgerðir ef þess er óskað.

1.7.1 Svar Vegagerðarinnar

Niðurstöður fuglarannsóknna á svæðinu liggja fyrir í skýrslu Náttúrustofu Suðausturlands og verða þær notaðar við verkhönnun framkvæmdarinnar í samráði við Náttúrustofu Suðausturlands, til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fugla, sjá kafla 1.3.1.

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni verður fenginn til að kanna hvort svokölluð jakahvörf má finna á framkvæmdasvæðinu. Ef svo reynist verður reynt að hlífa þeim við raski eins og mögulegt er.

Áður en framkvæmdir hefjast verður sérfræðingur í gróðurathugunum fenginn til kanna hvort á svæðinu eru dvergtungljurt eða aðrar fremur sjaldgæfar tegundir af sömu ættkvísl. Ef það kemur í ljós verður kannað hvort mögulegt er að hnika veginum til, til að forðast að raska þeim.

1.8 Minjastofnun Íslands dags. 11.08.2023

Í umsögninni segir: Fyrirhugað er að ný- og endurbyggja Hringveginn á 2,7 km löngum kafla vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Tilgangur framkvæmdarinnar er að koma í veg fyrir að ágangur sjávar taki í sundur Hringveginn við Jökulsárlón og setji þar með samgöngur í uppnám. Núverandi vegur verður endurbyggður á 0,8 km löngum kafla en nýr vegur lagður á 1,9 km löngum kafla þar sem vegurinn verður færður fjær sjónum. Hluti nýs vegar er bráðabirgðarvegur til að tengja veginn við núverandi brú á Jökulsá. Í tengslum við framkvæmdina verður byggður 250 m langur sjóvarnargarður meðfram sjónum þar sem núverandi Hringvegur liggur næst honum og sjávarrof hefur verið hvað mest. Framkvæmdarsvæði sjóvarna er um 15 m breitt. Áætluð efnisþörf í framkvæmdina er um 61 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr skeringum og námum E-63 Breiðárlón, E-62 Nýgræðnakvísl og /eða E-60 Fellsá.

Í kafla 5.9 er fjallað um fornleifar. Þar segir að Menningarmiðstöð Hornafjarðar hafi unnið fornleifaskráningu fyrir svæðið í tengslum við deiliskipulagsgerð þess árið 2019. Einn minjastaður er skráður nálægt fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði en það er Skipbrotsmannaskýli (2068:004) eða sæluhús sem var reist árið 1946-1948. Tekið er fram í kaflanum að Vegagerðin muni merkja minjastaðinn með áberandi hætti og kynna hann í útboðsgögnum. Einnig er vakin athygli á 24. gr. laga um menningarminjar ef óþekktar fornleifar koma í ljós við framkvæmdir.

Í kafla 6 um aðgerðir á framkvæmdartíma er tekið fram að skráð fornleif verði merkt og tekin inn í útboðsgögn.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar vann fornleifaskráningu vegna deiliskipulags Jökulsárlóns árið 2019; *Minjakönnun við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi vegna nýs deiliskipulags*. Sú skráning nær aðeins yfir hluta fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi heimildir og svæðið til að leggja mat á hvort frekari skráning sé þörf.

Jökulsá á Breiðamerkursandi þótti á meðal illfærustu straumvatna landsins. Áin átti það til að flæmast um sandinn í álum eða straummiklum kvíslum þar til hún fann fastan farveg á fjórða áratug 20. aldarinnar. Enn er hægt að sjá þessa gömlu árfarvegi beggja megin við núverandi farveg árinna. Svæðið hefur því tekið töluverðum breytingum í gegnum tíðina. Árið 1992 var Hringvegur færður á kafla um 80 m innar í landið og er sá hluti hans nú horfinn í sjóinn.

Ný veglína er fyrirhuguð yfir svæði sem er að hluta til gróin jökulaur en er að miklu leyti nú þegar raskað vegna eldri vegagerðar og strenglagna. Ofangreind fornleifaskráning nær yfir vestasta hluta nýrrar veglínu. Eins og kemur fram í greinargerðinni og í fyrrnefndri fornleifaskráningu er einn minjastaður þekktur í nálægð við framkvæmdarsvæði nýs vegar, **skipbrotsmannaskýli (2068:004)**. Þar sem skýlið var reist 1946-1948 telst það ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laga um menningarminjar nr. 80/2012. Um svæðið, nálægt nýrri veglínu og beggja megin við Jökulsábrúna, liggur gamall þjóðvegur en heimildir benda til þess að hann falli ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Eldri slóðar um svæðið hafa týnst sökum mikilla umhverfisbreytinga á svæðinu.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði vegna sjóvarna er rétt utan við fornleifaskráningu svæðisins. Svæðið hefur tekið miklu breytingum í gegnum tíðina, ýmist vegna landbrots eða framkvæmda en eldri vegur lá um svæðið auk Prestbakkalínu.

Náma E-63 Breiðárlón kom inn til umsagnar hjá stofnuninni og var erindinu svarað með bréfi dags. 1. apríl 2023. Stofnunin gerði ekki athugasemdir við stækkun á námunni. Ekki liggur fyrir hversu mikið og hvort efni verður tekið úr námunum E-62 Nýgræðnakvísl og E-60 Fellsá. Náma E-62 er malarnáma í þurru áraurum og náma E-60 er malarnáma við farveg Fellsár. Báðar hafa þessar námur verið í notkun og eru inn á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þar sem um er að ræða efnistöku úr áraurum eru litlar líkur á minjum innan þeirra.

Framkvæmdir vegna sjóvarna og færslu Hringvegur eru innan svæðis sem er ýmist raskað vegna ágangs Jökulsár í gegnum tíðina en síðan að hún festist sig í sessi hafa helstu framkvæmdir verið í formi veitulagna og gatnagerðar, auk

landsbrots. Engar þekktar menningarminjar eru innan fyrirhugaðra framkvæmdarsvæða.

Í greinargerðinni kemur fram vilji til að vernda þekktar minjar innan svæðisins. Þær falla þó ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar. Stofnunin hvetur þó til þess að reynt sé að hlífa minjasvæðinu og þar með varðveita sögu svæðisins. Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

1.8.1 Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun fara eftir þeim mótvægisáðgerðum sem greint er frá í köflum 5.9. og 6 í kynningarskýrslunni.

„Fornleif sem er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar verður kynnt í útboðsgögnum og merkt á áberandi hátt eða girt af áður en framkvæmdir hefjast. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð innan þess svæðis. Þá verður ekki leyfilegt að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur í grennd við fornleifina. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.“

1.9 Umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 17.08.2023

Vatnajökulsþjóðgarður leggur fram eftirfarandi ábendingar/athugasemdir:

1. Lega veglínu
Nú þegar eru til staðar gömul og aflögð veglína á þessu svæði. Vatnajökulsþjóðgarður hvetur Vegagerðina til þess að skoða hvort nota megi eldri veglínu í stað þess að raska frekar óröskuðu landi.
2. Þungaflutningar um brúna
Vatnajökulsþjóðgarður hefur áhyggjur af miklum þungaflutningi yfir brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Brúin, sem er einbreið, er í dag einn mesti flöskuhálsinn í umferð á svæðinu. Vatnajökulsþjóðgarður hvetur Vegagerðina

til þess að huga að umferð um brúna og fara í mestu þungaflutningana að næturlagi þegar umferð er minni.

3. Vinnubúðir

Í kynningarskýrslunni er talað um vinnubúðir starfsmanna sem koma að framkvæmdum. Vatnajökulspjóðgarður leggur áherslu á að vinnubúðir starfsmanna verði staðsettar utan þjóðgarðsmarka, en að öðrum kosti er það nauðsynlegt að staðsetning þeirra sé valin í samráði við þjóðgarðsvörð.

4. Matsskylda

Í kynningarskýrslunni kemur fram að „*Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisaðgerðum verður beitt og haft samráð við hagsmunaaðila*“. Vatnajökulspjóðgarður telur nauðsynlegt að fá frekari skýringar á því um hvaða mótvægisaðgerðir er um að ræða og hvernig samráði við hagsmunaaðila verði háttað.

5. Nýtt deiliskipulag í farvatninu

Hugmyndir eru uppi um breytingu á deiliskipulagi og fengist hefur styrkur til að fara í þá vinnu. Vatnajökulspjóðgarður mun þegar þar að kemur óska eftir samráði við Vegagerð vegna þess verkefnis.

6. Náma Nýgræðnakvísl

Frá árinu 2020 hefur Vatnajökulspjóðgarður óskað eftir því að náma við Nýgræðnakvísl verði aflögð. Það síðasta sem hefur heyrst frá Vegagerðinni vegna þeirrar námu var að hægt yrði að loka henni í árslok 2023. Samkvæmt kynningarskýrslunni er sú náma ennþá opin og í notkun.

Vatnajökulspjóðgarður óskar eftir samtali við Vegagerð um lokun þeirrar námu við fyrsta tækifæri, skv. því samtali sem hefur farið fram á milli Vegagerðarinnar og Vatnajökulspjóðgarðs.

7. Skúmur

Varðandi fuglalíf svæðisins vísum við í úttekt Náttúrustofu Suðausturlands á stöðu skúms á Breiðamerkursandi.

1.9.1 Svar Vegagerðarinnar

Eftirfarandi eru svör Vegagerðarinnar við ofangreindum athugasemdum:

1. Vegagerðin mun kanna betur möguleika á að nota svæði sem eldri veglína liggur um, í samráði við Vatnajökulspjóðgarð og í tengslum við vinnu við breytingu deiliskipulagi svæðisins (sjá lið 5).
2. Vegagerðin mun skoða hvort mögulegt er að efnisflutningar verði utan háannatíma.
3. Vinnubúðir verktaka verða staðsettar í samráði við þjóðgarðsvörð.
4. Í kafla 6 í kynningarskýrslunni koma fram helstu aðgerðir sem gripið verður til, til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið. Í kafla 6.1. eru tilgreindir þeir samráðsaðilar sem Vegagerðin mun hafa samskipti við áður en framkvæmdir hefjast og ef eitthvað óvænt kemur uppá

- á framkvæmdatíma. Samráð verður með hefðbundnum hætti; með tölvupóstum, símtölum og fundum, eftir því sem þörf er á.
5. Vegagerðin mun taka þátt í samráði vegna breytingar á deiliskipulagi. Sú veglína sem kynnt er í kynningarskýrslu er í samræmi við það deiliskipulag sem er gildi. Ósk Vatnajökulspjóðgarðs um færsla á veglínunni er einnig í samræmi við tillögu Náttúrustofu Suðausturlands (Athugun á válistategundum vegna færslu þjóðveggar 1 austan Jökulsár á Breiðamerkursandi. Unnið fyrir Vegagerðina. Lilja Jóhannesdóttir og Brynjúlfur Brynjólfsson). Vegagerðin mun í samráði við Vatnajökulspjóðgarð og Náttúrustofu Suðausturlands kanna möguleika á færslu á veglínunni sbr. lið 1.
 6. Vegagerðin mun hafa samband við Vatnajökulspjóðgarð vegna mögulegrar efnistöku, notkunar og frágangs námu E-62 Nýgræðnakvísl, eins og kemur fram í köflum um efnistöku (kafla 3.2.4) og frágang (kafla 3.3) í kynningarskýrslu.
 7. Vegagerðin mun nýta niðurstöður fuglarannsóknna í samráði við Náttúrustofu Suðausturlands við verkhönnun framkvæmdarinnar til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fugla. Sjá að auki svör við umsögnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.